

Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

Fundargerð staðlotu 2

Dagsetning: 8. apríl 2016

Dagskrá staðlotu

Skipulagning og framkvæmd... Staðlota II - 2016				
Tími	Innihald	Rök: Hvers vegna?	Vinnuform:	Efni:
8:45	Sumir mæta fyrir til að raða upp í stofunni...	Gettu nú!	V	Töflur, Föndurdót...
09:00	Byrjun dagsins <ul style="list-style-type: none"> • Upphafsaðferð • Markmið • Dagskrá 	Koma hópnum í gang Tryggja að allir hafi skýrar hugmyndir um markmið og dagskrá dagsins Skapa gott námsandrymi	T / G	Markmiðsplakat Dagskrá á töflu
9:10	Design Thinking – (Tryggvi Thayer) <ul style="list-style-type: none"> • Upphaf • Kynning • Umræður 	Þátttakendur kynna hugmyndum um Design Thinking og hvernig má nota þær aðferðir til að skipuleggja námsferli fyrir aðra.	V / G	Glærakynning
	Kaffihlé			
10:30	Hönnunarsmiða – (Tryggvi Thayer) <ul style="list-style-type: none"> • Hópavinnna • Kynningar • Umræður 	Þátttakendur fá tækifæri til að prófa Hönnunarsmiðu sem leið til að skipuleggja námsferli fyrir aðra	G	Föndurdót, Legó, skæri, pappír, litir ofl...
12:00	Hádegishlé			
13:00	Business Model Generation. (Hróbjartur Arnason) <ul style="list-style-type: none"> • Kallspurning: ... • Fyrirlestur • Umræður 	Kynna aðferðina og tengja hana við skipulagningu fræðslu. Hópurinn undirbýr sig undir að nota aðferðina við að skipuleggja námskeið/námsferli	T / G	Plakat
	Kaffihlé			
-15:40	Framhald Business Model Generation Paravinnna <ul style="list-style-type: none"> • Hópavinnna • Umræður 	Unnið í hópum að því að nota BMC til að skipuleggja námskeið.	V / G	Prentuð Canvas blöð Post-it miðar Plaköt fyrir hópavinnuna
15:50	Skipt í hópa:	Þátttakendur skipta sér í hópa þar sem þeir vinna að skipulagningu imyndaðs námskeiðs næstu c.a.2-3 vikur	V	
16:10	Endir dagsins <ul style="list-style-type: none"> • Hvað var: Pokinn: Hvað tekur þú með þér. • Hvernig var: Punktaspurning • Hvað svo: Blossinn 	Þátttakendur rifja upp það sem gert var, hvaða hugmyndir komu fram og hvað þeir imynda sér að muni geta nýst þeim síðar. Þetta hjálpar fólki vonandi til að muna betur það sem þeir lærðu og hjálpar þeim að nýta það við raunverulegar aðstæður.	V / G	Bláð með Pokanum Punktar Plakat með spurningu í tvívið
16:30				

8:30 Undirbúningur



Nokkrir nemendur komu með kaffimeðlæti fyrir Pálínuboð,

aðrir komu með kubba, leir, lím og annað föndurdót.



Aðrir nemendur aðstoðuðu kennara við að setja upp kennslutæki fyrir námskeiðið.

Anna Birna Fossberg stjórnaði upptöku á fyrirlestri.

Mættir voru 12 nemendur og sátu þeir við þrjú hringborð í kennslustofunni.

9:00 Dagskrá hefst

Byrjun

Hróbjartur býður alla velkomna á námskeiðið og tengir við nemendur.

- Að beiðni Hróbjartar lýstu nemendur því hvað þeir hugsuðu fyrst eftir að þeir vöknudu og lýsti hann einnig eigin upplifun.

Hróbjartur fer yfir dagskrá dagsins sem byggir í meginatriðum á tveimur efnispáttum:

- Design thinking
- Business Model Canvas

Hróbjartur fer lauslega yfir efnispættina og á hvaða hátt nemendur gætu notað slíka þætti í eigin starfi. Að því loknu býður hann Tryggva Thayer velkominn til leiks sem fyrirlesara og umsjónarmann kennslu fram að hádegi.

9:10 Fyrirlestur – Tryggvi Thayer



Heiti fyrirlesturs: Hönnunarnálgun-Leið til skapandi lausna

Tryggvi Thayer starfandi verkefnisstjóri menntasmiðju og doktorsnemi í framtíðarfræði menntunar kynnrir fyrir nemendum Design Thinking sem kallast á íslensku: Hönnunarnálgun.

Helstu efnispættir fyrirlesturs voru:

- Hönnunarnálgun – Design Thinking
- Hvað er hönnunarsmiðja?
- Hönnunarferlið

Markmiðið er að leita frumlegra lausna! Auk efnis á glærum kom Tryggvi inn á Ideo fyrirtækið, klósettbursta, Apple tölvuna, síðustu þrjár hugmyndirnar eru oft bestar, frumlegasta og fáránlegasta hugmyndin oft unnin áfram. Lýsti hönnunarferli út frá eigin reynslu.

9:20 Vinna nemenda

Tryggvi Thayer skipti nemendum í 3 hópa og voru 4 nemendur í hverjum hóp. Dagskipun nemenda var að hanna námskeiðsferli að eigin vild, en með frumleikann í fyrirrúmi.

Nemendur fengu „blöð“ á borðin þar sem hugmyndavinna fór fram. Tímanum var skipt á eftirfarandi hátt:

- 15 mín Samkennd
- 15 mín Skilgreiningar
- 20 mín Hugmyndamótun
- 30 mín Frummyndagerð
- 20 mín Prófun

Að hugmyndamótun lokinni kynna nemendur hugmyndir sínar og Tryggvi setur fram gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara eða á hvaða hátt þarf að vera skýrari.



Tryggvi kynnir framhaldið hvað frummyndagerð og prófun varðar en leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að fá sér kaffi áður en lengra er haldið.

10:10 Kaffi


Nemendur og kennarar fá sér kaffi og meðlæti í boði Pálínu og nýta tímann í að spjalla um efni námskeiðsins og einnig örlaði á pólitískri umræðu vegna atburða síðustu daga.



10:40 Hönnunarsmiðja – Tryggvi Thayer

Nemendur halda áfram vinnu sinni í hönnunarferlinu undir leiðsögn Tryggva. Þegar nemendur töldu að hugmyndavinnu væri lokið var þeim gert að bæta við 6 hugmyndum í viðbót með sérstakri áherlu á frumleika. Svo skyldu nemendur vinna áfram með frumlegustu hugmyndina í frummyndagerð.

Að því loknu kynntu nemendur vinnu sína.



Hópur 1 kynnti líknandi lausn fyrir eigendur gæludýra sem voru dauðvona.

Hópur 2 kynnti lausn í ábyrgri netnotkun, samskiptum og siðferðisvitund.

Hópur 3 kynnti lausn í kennslu fjármálalæsis í formi uppsetningar á leikriti


Tryggvi spurði spurninga á meðan á kynningum stóð, benti á ýmsa möguleika, hvað væri gott, hvað mætti betur fara og hvernig skyldi haga slíkri vinnu eftir Design Thinking hugmyndafræðinni. Að lokum fékk Tryggvi gott klapp fyrir framlag sitt til námskeiðsins.

12:15 Matartími

13:00 Business Model Canvas

Hróbjartur kynnr viðfangsefnið Business Model Canvas

Spyr nemendur hvort að þau hafi þekkingu á viðfangsefninu, hvort þau hafi lesið sér til um efnið og útskýrir og teiknar myndræna framsetningu á módelinu.



13:15 Hópavinna

Hróbjartur skiptir nemendum upp í þrjá nýja hópa. Hverjum hópi er ætlað að koma fram með hugmynd er gæti tengst efni námskeiðsins, vinna með hana í fyrrgreindu módeli og loks kynna hugmyndir sínar fyrir samnemendum sínum.



14:15 Kaffihlé



Nemendur sóttu sér kaffi og nutu einnig gestrisni Pálínu. Fagleg umræða og pólitík var umræðu-grundvöllur kaffitímans og var Hróbjartur viðstaddur og tók þátt í umræðunni.

14:35 Hópvinnu nemenda framhaldið

Hópar kynna vinnu sína fyrir samnemendum sínum.

Hópur 1 hannaði mólél til að koma til móts við þarfir innflytjanda hvað sundkennslu varðar.

Hópur 2 hannaði mólél sem var ætlað að koma til móts við þarfir foreldra í lestrarkennslu barna.


Hópur 3 hannaði mólél sem var ætlað að koma til móts við starfsfólk skóla í að draga úr eða koma í veg fyrir kvíða í starfi.



15:25 Umræður

Hróbjartur stýrir umræðu um og leitar eftir upplifun okkar af mólélgerðinni. Það þarf að gera sér grein fyrir því hvað er nú þegar til.

Rætt er um seinni hluta mólélisins sem tekur á þeim gæðum sem á að bjóða upp eða hvaða þörf skal uppfylla, hvernig skal uppfylla hana og fyrir hverja er þörfin skilgreind. Einnig hvernig á að nálgast markhópin, hverjir eru innri og ytri hagsmunaaðilar, hvernig skal koma gæðunum til þeirra og hver kemur til með að kosta hana og hvernig. Fram kom að jafnvel væri hægt að blanda saman báðum mólélum. Hvar skal staðsetja upplýsingar innan mólélisins verður að vera skýrt. Þó má uppfylling innan mólélisins ekki vera hamlandi, það þarf að vera hægt að færa á milli, bæta við eða draga úr. Hróbjartur lokaði svo umræðunni þegar spurningum lauk og svör höfðu fengist við þeim.



15:35 Kynning á hópverkefni námskeiðsins




Hróbjartur lýsir hópverkefni samkvæmt verkefnislýsingu. Nemendum er ætlað að vinna í hópum og vinna við námskeiðsgerð annað hvort út frá hugmyndafræði Design Thinking eða Business Model Canvas.

Verkefnið gildir 15%.

15:40 Hópaskipan

Nemendur velja í hópa „rotta“ sig saman. Skrifa nöfn sín (og annarra).

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4
Ingibjörg	Ragnhildur	Anna Birna	Björk
Sigríður	Sólveig	Elín	?
Pórgunnur	Anna	Valdi	?
Helga	Júlía	Pórey	?
Gunnar	Hildur	Berglind	?



15:50 Endir dagsins

Hvað ertu með í pokanum?

Nemendur skrifa upplifun sína af námskeiðinu sína á miða og festa „í pokann“. Hróbjartur fer síðan yfir upplifun nemenda og opnar á umræðu um þau atriði. Í þeirri umræðu nefndu nemendur dæmi og töldu að meiri kraftur hefði verið í nemendum fyrir hádegi. Er það mat fundarritara að nemendur hafi upplifað námskeiðið sem skemmtilegt og áhugavert.

Hróbjartur leiðir áfram umræðu og lýsir því á hvaða hátt nemendur geta nýtt efni dagsins í heimfærslu.

Hróbjartur biður nemendur um lokaorð t.d. sem lýsa upplifun þeirra skorinort eða annað sem þeim vantaði að tjá sig um.

Hróbjartur kveður og þakkar kærlega fyrir samveruna.



16:10 Námskeiði formlega lokið og nemendur aðstoða kennara við að ganga frá í stofu.

Fundarritari: Gunnar Friðfinnsson